

Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. nóvember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, 1. mál

Samtök sprotafyrirtækja (SSP) fagna áherslum í fjárlagafrumvarpi 2021 um aukna fjárfestingu í nýsköpun. Taka samtökin undir mikilvægi þess að stuðningur ríkissjóðs sé til þess að veita viðspyrnu til skemmri tíma og auka hagvöxt til langframa og að horft verði til þess að skapa verðmæt störf og styðja við fjölbreytta efnahagsstarfssemi. Við teljum einnig mikilvægt að horft sé til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna þar sem áhersla er lögð á að efla nýsköpun, enda er það með henni sem áskorunum 21. aldarinnar verður best mætt.

Mikil og vannýtt tækifæri eru fólgin í því að auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun, til dæmis með því að auka fjármagn til Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Þessu til stuðnings má benda á að einungis 8% umsækjenda í Tækniþróunarsjóð hlutu styrk í síðustu úthlutun en oft hefur þetta hlutfall verið um og yfir 20%. Að meðaltali er sjóðurinn að hafna um 75% verkefna (með A einkunn). SSP telur að þarna séu mörg vannýtt tækifæri til atvinnusköpunar og nýsköpunar. SSP hvetja fjárlaganefnd til að auka framlög til Tækniþróunarsjóðs enn frekar í fjárlögum ársins 2021 og að sjóðurinn fái til úthlutunar 5,2 milljarða króna það ár og næstu ár á eftir.

Almennt

Tækniþróunarsjóður gegnir lykilhlutverki í fjármögnun sprotafyrirtækja á frumstigi. Þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í á þessu ári sem viðbrögð við heimsfaraldrinum eru gagnleg nýsköpunarfyrirtækjum í rekstri, fyrirtækjum sem komin eru með vöru á markað og mynda tekjur. Hinsvegar má segja að frumkvöðlar og sprotafyrirtæki á byrjunarstigi hafi lent milli skips og bryggju þar sem fæst þeirra gátu nýtt sér úrræðin, að undanskildu aukaframlagi í Tækniþróunarsjóð sem skilaði sér í um 300 milljón króna viðbótarúthlutun.

Sprotafyrirtæki á byrjunarstigi sem ekki geta lagt út fyrir rannsókn- og þróunarkostnaði geta til dæmis ekki nýtt sér endurgreiðslu vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar. Þau reiða sig einna helst á Tækniþróunarsjóð, því kemur það sér mjög illa fyrir ung sprotafyrirtæki að engin úthlutun muni eiga sér stað veturinn 2020-2021. Þetta er vegna þess að haustúthlutun sjóðsins var flýtt, án þess að nýjum umsóknarfresti hafi verið bætt við, sem má segja að sé skammgóður vermir. Einnig má bæta við að ekki hefði dugað að bæta við umsóknarfresti nema framlög til sjóðsins hefðu verið aukin því árangurshlutfall sjóðsins í sumarúthlutun var það lakasta sem mælst hefur, eða einungis 8%.


Ný nálgun – verkefni með hæstu einkunn styrkt

Í stað þess að líta á framlög til Tækniþróunarsjóðs sem útgjöld, væri eðlilegra að líta á þau sem fjárfestingu í framtíðinni. Bæði búa sprotafyrirtækin til ný störf en einnig ber að líta til þess að mörg verkefnanna snúa að lausn áskorana sem mannkynið stendur frammi fyrir. Líkur eru á að aukin áhersla verði á að tengja heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna inn í mat á umsóknum og er því árangur fjárfestingarinnar margþættur.

Á hverju ári er takmarkaður fjöldi umsókna sem sækir um í sjóðinn og hlýtur topp einkunn. Ef fjöldi verkefna sem hljóta A1-A2 einkunn er skoðaður aftur til ársins 2010 kemur í ljós að meðaltali fá 28% verkefna þessa einkunn. Á ári hverju er takmarkað magn af topp umsóknum sem berast sjóðnum og líta SSP á það sem svo að í hverju topp verkefni sem er hafnað séu glötuð tækifæri. SSP fagnar fyrirhugaðri aukningu framlaga til sjóðsins en bendir á að hún dugar ekki til að grípa bestu verkefnin.


SSP leggur til að ríkið veiti Tækniþróunarsjóði fjármagn sem dugar til að styrkja 28% verkefna sem sækja um fyrirtækjastyrk.

Fjöldi verkefna sem sóttu um í Tækniþróunarsjóð með toppeinkunn (A1-A2) 2010-2020



Mynd 1. Heildarfjöldi umsókna með toppeinkunn, styrkt og veitt.

Árangurshlutfall umsókna í Tækniþróunarsjóð 2017 - 2020



Mynd 2: Heildarfjöldi umsókna í sjóðinn og árangurshlutfall. Metaðsókn var í sjóðinn 2020 og árangurshlutfall í lágmarki.

Kostnaður við að styrkja 28% umsókna

SSP hefur fengið aðstoð frá sérfræðingi hjá Tækniþróunarsjóði til að reikna út kostnað við að styrkja 28% verkefna sem sækja um fyrirtækjastyrk (Fræ telst ekki með). Taka verður tillit til ýmissa þátta. Í fyrsta lagi eru verkefnin til eins, tveggja og þriggja ára og því má framlag til sjóðsins ekki breytast skyndilega á milli ára þar sem sjóðurinn þarf að standa við skuldbindingu fyrri ára. Til dæmis má benda á að 700 milljóna króna viðbótarframlag sem sjóðurinn fékk sumarið 2020, skilaði sér í innan við 300 milljóna króna úthlutun því hann þarf að geta tryggt greiðslu til margra af þessum verkefnum á næsta og þannæsta ári. Því er best ef sjóðurinn er vel fjármagnaður á fjárlögum. Í öðru lagi sveiflast aðsókn í sjóðinn. Hún sveiflast í takti við atvinnuástand í landinu og miðað við atvinnuleysisþátt má búast við enn frekari aðsókn í sjóðinn árið 2021 en var 2020, þrátt fyrir metaðsókn þá. Einnig má gera ráð fyrir því að aðsókn aukist vegna slaks árangurshlutfalls undanfarið þar sem búast má við að einhver þeirra fyrirtækja sem fengu höfnun og lifa af, sækji aftur um. Næsta úthlutun verður að öllum líkindum í byrjun júní 2021 vegna umsóknarfrests 15. febrúar 2021. Veturinn verður því kaldur fyrir sprotafyrirtæki sem hafa ekki aðra fjármögnunarkosti en styrki og má búast við að mörg framúrskarandi verkefni stöðvist vegna skorts á fjármögnun.

Miðað við óbreytta aðsókn ættu 5,2 milljarðar á næsta ári að geta tryggt stuðning við 28% umsókna. SSP telur Tækniþróunarsjóð vera öflugt tól til atvinnusköpunar til framtíðar og væri það mikill hagur fyrir land og þjóð ef aðsókn í hann eykst enn frekar á næsta ári, það er ef bestu verkefnin hljóta styrk. SSP hvetur ríkið til að vera við því búið og búa svo um að tryggt verði að 28% verkefna sem sjóðnum berast hljóti styrk.


Samtök srotafyrirtækja leggja til að Tækniþróunarsjóður fái til úthlutunar að minnsta kosti 5,2 milljarða króna árið 2021.

SSP er í góðu samtali við Tækniþróunarsjóð og hefur lagt fram tillögur að skilvirkara og hraðara umsóknar- og matsferli og að umsóknarfrestir verði þrjú á ári, að því gefnu að hann sé nægilega fjármagnaður til að tryggja viðunandi árangurshlutfall. Sjóðurinn hefur tekið mjög vel í þessar tillögur.

SSP leggja til að sjóðurinn verði nægilega vel fjármagnaður til að hann geti verið með 3 umsóknarfresti á ári: 15. febrúar, 15. júní og 15. október.

Ljóst er að áskoranir í kjölfar veirufaraldursins eru miklar og teljum við í SSP að besta leiðin til að takast á við þær, skapa ný störf, auka fjölbreytni atvinnuvega á Íslandi og auka gjaldeyristekjur sé með því að styðja við srotafyrirtæki og nýsköpun.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka srotafyrirtækja (SSP)



Íris Ólafsdóttir, formaður